

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980 - 2000,
snjóflóðamannvirki ofan byggðar.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980-2000 frá 15. mars 1982.

Breytingin er fólgin í því að að svæði sem fara undir snjóflóðagarða, dalverpi og snjóflóðavarnarstöðvirki eru skilgreind sérstaklega en falla innan landnotkunar opinna svæða - almennra útivistarsvæða. Einnig breytast um 3,2 ha lands úr flokknum sérhæfð útivistarsvæði og opin svæði í opin svæði - almenn útivistarsvæði og við norðurenda svæðisins breytist landnotkun á um 1,2 ha svæði úr flokknum íbúðarsvæði í opin svæði - almenn útivistarsvæði auk þess sem vegur inn á íbúðarsvæðið fellur út. Nyrst á svæðinu verður opnu svæði - almennu útivistarsvæði breytt í efnistökusvæði sem er alls á um 15,5 ha lands. Jafnframt verður um 16 ha svæði norðan við snjóflóðagarðana skilgreint sem efnislosunarsvæði í stað opins svæðis - almenns útivistarsvæðis. Lega vegslóða sem liggur upp að stofnanasvæði í Hvanneyrarskál færast vegna garðanna en einnig bætist við vegslóði frá núverandi snjóflóðavarnargarði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.